

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 123/2025

frá 13. júní 2025

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2052 frá 30. júlí 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/808 að því er varðar gildissvið hennar og tiltekna nothæfisviðmiðanir fyrir greiningaraðferðir fyrir leifar af lyfjafræðilega virkum efnum sem eru notuð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2563 frá 24. september 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1646 að því er varðar viðbótarinnihald landsbundinna áhættumiðaðra eftirlitsáætlana og landsbundinnar áætlunar um eftirlit af handahófi, framlagningu aðildarríkja á þessum áætlunum og gögnum og lágmarkstíðni sýnatöku ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fóður og matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

I. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2052, 31.7.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2052/oj

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2563, 27.9.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2563/oj

1. Eftirfarandi er bætt við lið 11i (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1646) í hluta 1.1 í I. kafla og liðar 31x (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1646) í II. kafla:

„, breytt með:

- **32024 R 2563:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2563 frá 24. september 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2563, 27.9.2024).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við 14. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/808) í hluta 7.2 í I. kafla:

- „– **32024 R 2052:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2052 frá 30. júlí 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2052, 31.7.2024).“

2. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 164zf (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1646) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32024 R 2563:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2563 frá 24. september 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2563, 27.9.2024).“

3. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2024/2052 og (ESB) 2024/2563, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING